

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 28. janúar 2022 í máli nr. 55/2021

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 21. maí 2021 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

II

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili festi kaup á skjákorti á netinu í verslun varnaraðila, af gerðinni Gainward GeForce (GAINW2010), fyrir 189.990 krónur þann 15. mars 2021. Varnaraðili tilkynnti sóknaraðila með tölvupósti þann 20. maí 2021 að skjákortið, sem sóknaraðili hafi forpantað, hafi ekki borist til varnaraðila frá framleiðanda. Sóknaraðila voru veittar þær upplýsingar að hún hafi þrjá valkosti vegna stöðunnar, að bíða eftir að skjákortið berist, að fá aðra tegund af skjákorti og greiða varnaraðila mismuninn á verðgildi þeirra, alls 60.000 krónur, eða fá kaupverðið endurgreitt. Af skriflegum samskiptum málsaðila verður ráðið að sóknaraðili hafi óskað eftir því að fá afhent annað skjákort, en þó gegn lægri greiðslu en varnaraðili gat fallist á.

Sóknaraðili krefst þess í kvörtun sinni til kærunefndarinnar að varnaraðili efni samning milli málsaðila um kaup á skjákorti án þess að sóknaraðila verði gert að greiða aukalega. Við meðferð málsins hefur varnaraðili bent á að sóknaraðili geti fengið skjákortið afhent en að ótilgreind bið verði á afhendingu vegna tafa sem rekja megi til framleiðanda skjákortsins. Í athugasemdum sóknaraðila við andsvör aðila kom m.a. fram að ef varnaraðili sæi sér ekki fært að ljúka málinu með öðrum hætti skuli hann endurgreiða sóknaraðila kaupverð skjákortsins. Varnaraðili endurgreiddi kaupverð skjákortsins, að fjárhæð 189.990 krónur, til sóknaraðila þann 18. júní 2021 í samræmi við athugasemdir sóknaraðila. Sóknaraðili kveðst hins vegar ekki geta fallist á að sættir hafi tekist í málinu, meðal annvarnarars þar sem varnaraðili hafi þegið greiðslu fyrir skjákortið þrátt fyrir að varnaraðila hafi ekki verið ljóst hvort hann gæti afhent skjákortið í samræmi við samning málsaðila.

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa kveður upp úrskurði í málum þar sem ágreiningur er til staðar um kaup á vöru eða þjónustu milli neytanda og seljenda, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Skilyrði þess að kærunefnd vöru- og þjónustukaupa kveði upp úrskurð í ágreiningi milli neytanda og seljenda er að raunverulegur ágreiningur sé til staðar í tengslum við tiltekið réttarsamband málsaðila og að málsaðilar hafi hagsmuni af því að leyst verði úr ágreiningnum.

Varnaraðili endurgreiddi kaupverðið til sóknaraðila við meðferð málsins í kjölfar athugasemda sóknaraðila. Af því leiðir að einkaréttarlegur ágreiningur er ekki lengur uppi

milli neytanda og seljanda vegna kaupa á vöru eða þjónustu í skilningi 1. mgr. 3. gr. laga 81/2019.

Með vísan til framangreinds telur kærunefndin sér ekki fært að kveða upp úrskurð í málinu. Verður því að vísa kröfu sóknaraðila frá nefndinni, sbr. b. liður 2. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

V

Úrskurðarorð

Kvörtun frá X er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila.

Víðir Smári Petersen
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson